



Fundargerð

148. fundur íþróttá- og tómstundaráðs Reykjaneshæjar, haldinn á bæjarskrifstofu Reykjaneshæjar, Tjarnargötu 12, þriðjudaginn 9. mars kl. 16.30

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Birgitta Rún Birgisdóttir, Birgir Már Bragason, Alexander Ragnarsson, Jón Haukur Hafsteinsson.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs, Guðbergur Reynisson formaður ÍRB og Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Umhverfis- og loftlagsstefna Reykjaneshæjar (2020021391)

Drög að umhverfis- og loftlagsstefnu Reykjaneshæjar lögð fram. Framtíðarnefnd og umhverfis- og skipulagsráð óska eftir umsögn um stefnuna.

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjaneshæjar þakkar fyrir vel unnin drög að umhverfis- og loftlagsstefnu Reykjaneshæjar.

2. Þjónustu- og gæðastefna Reykjaneshæjar (2021020193)

Drög að þjónustu- og gæðastefnu Reykjaneshæjar lögð fram. Bæjarráð óskar eftir umsögn um stefnuna.

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjaneshæjar þakkar fyrir vel unna stefnu.

3. Erindi Golfklúbbs Suðurnesja (2021030073)

Ólöf Sveinsdóttir formaður, Sigurpáll Geir Sveinsson íþróttastjóri og Andrea Ásgrímsdóttir framkvæmdastjóri Golfklúbbs Suðurnesja kynntu starfsemi klúbbsins og fylgdu úr hlaði erindum til íþróttá- og tómstundaráðs.

ÍT ráð tekur vel í erindin og vísar þeim til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2022.

4. Samningur um eflingu barna og ungmennastarfs við Hestamannafélagið Mána 2021 (2021030078)

Samningurinn lagður fram og samþykktur.



5. Umsögn ungmennaráðs Reykjanesbæjar um frumvarp um lækkun kosningaaldurs á Íslandi (2020120187)

Umsögn ungmennaráðs Reykjanesbæjar lögð fram.

6. Forvarnarátak Samtakahópsins og Fjörheima (2021010500)

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar Samtakahópnum og starfsfólk Fjörheima fyrir fræðandi myndbönd um skaðsemi orkudrykkja á börn og unglings.

7. Beiðni um frítt í sund fyrir atvinnuleitendur (2021030215)

Erindi frá íbúa í Reykjanesbæ þar sem ráðið er hvatt til að til að veita atvinnuleitendum frítt í sund tímabundið.

ÍT ráð tekur undir erindið og felur íþrótta- og tómstundafulltrúa að skoða málið nánar.

8. Brúin félagsmiðstöð í Háaleitisskóla (2020090085)

Íþrótta- og tómstundaráð óskar stjórnendum og nemendum Háaleitisskóla sem og stjórnendum Fjörheima til hamingju með opnun á nýju félagsmiðstöðinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00.